



*Arnþjotur B. Olsen*

I. KAPÍTULI.

Brúðkaup í Schwarzwald.

---

“Nú erum við regluleg hjón, Ernst?”

“Já, við erum það í sannleika, góða mín”.

Ungi maðurinn laut að ungu og fallegu konunni sinni og kysti hana, það var eins og hann hefði gaman af efanum, sem sjá mátti í efnismikla augnatillitinu hennar.

“Við erum eins réttmæt maður og kona, eins og við hefðum verið gefin saman frammi fyrir altarinu”.

“Já, en —”

“Já, en — hvað áttu við, góða mín?”

“Að mér finst það svo undarlegt, að við erum ekki gefin saman frammi fyrir altarinu í kirkjunni af prestinum, eins og ég hef alt af haldið að ætti að vera”.

“Já, og mundu líka eftir því, að engin brúðarmær var til staðar”, sagði ungi maðurinn hlægjandi. “En hjónavígsla var það þó, elskan mín. Borgaraleg vígsla er jafn gild kirkjulegri vígslu. Ég hef í viðurvist áreiðanlegra manna lýst því yfir, að þú værir konan